

ALM VERÐBRÉF HF.

## Stjórnarhættir

---

## ALM VERÐBRÉF HF.

### STJÓRNARHÆTTIR - YFIRLÝSING

#### 1. Almenn atriði

- 1.1. Yfirlýsing þessi er sett á grundvelli 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og eftir 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- 1.2. Markmið yfirlýsingar um stjórnarhætti er að árlega birti ALM Verðbréf hf. yfirlýsingu um stjórnarhætti, þar sem m.a. kemur fram að fyrirtækið starfi samkvæmt eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum.
- 1.3. Stjórn ber ábyrgð á því að móta yfirlýsingu um stjórnarhætti ALM Verðbréfa hf.

#### 2. Yfirlýsing um stjórnarhætti

- 2.1. Árlega fjallar stjórn um starfsemi ALM Verðbréfa hf. og tryggir að starfsmenn og framkvæmdastjóri fylgi viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skal stjórn ALM Verðbréfa hf. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu fyrirtækisins.
- 2.2. Eigendur, stjórn og starfsmenn ALM Verðbréfa hf. leggja mikla áherslu á góða stjórnarhætti og að fyrirtækið stundi eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. ALM Verðbréf hf. uppfyllir ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og reglur og leiðbeinandi tilmæli, bæði frá Fjármáleftirliti og eftir atvikum Viðskiptaráði.
- 2.3. Starfsmenn ALM Verðbréfa hf. hafa mikla reynslu af fjármálamarkaði á Íslandi en jafnframt er horft til venju og viðurkenndra vinnubragða á alþjóðlegum mörkuðum til að tryggja bestu framkvæmd þeirrar þjónustu sem fyrirtækið býður viðskiptavinum.
- 2.4. ALM Verðbréf hf. leggur áherslu á ábyrga viðskiptahætti og að veita viðskiptavinum óháða ráðgjöf á hverjum tíma.
- 2.5. Fyrirtækið hefur ríka áhættuvitund og er varfærið í sinni starfsemi og nálgun gagnvart viðskiptavinum, markaði og samkeppnisaðilum.
- 2.6. ALM Verðbréf hf. hefur lagt ríka áherslu á, og metnað sinn í, að móta skýrar og ítarlegar verklagsreglur, þrátt fyrir smæð fyrirtækisins og eðli starfsleyfis, en ALM Verðbréf hf. stundar ekki miðlun fjármálgerna né eigin viðskipti. Þessi stefna stuðlar m.a. að óhæði fyrirtækisins gagnvart viðskiptavinum.

#### 3. Gildistaka

Yfirlýsing þessi öðlast gildi við undirritun stjórnar og er aðgengileg viðskiptavinum á vefsíðu fyrirtækisins.

Reykjavík 30.06.2015

Stjórn ALM Verðbréf hf.